

## Skýrsla stjórnar AkureyrarAkademíunnar

### Lögð fram á aðalfundi 18. maí 2016

Á aðalfundi stofnunarinnar þann 28. maí 2015 var ný stjórn AkureyrarAkademíunnar kosin, auk fulltrúaráðs. Í stjórn þetta starfsár hafa verið

Valgerður S. Bjarnadóttir, formaður  
Jakob Þór Kristjánsson, gjaldkeri  
Margrét Guðmundsdóttir, ritari

Í fulltrúaráði sátu Arndís Bergsdóttir, Arna Björg Bjarnadóttir, Guðmundur Árnason og Sigurgeir Guðjónsson, auk áðurnefndra þriggja stjórnarmanna. Fulltrúaráðið var kallað saman tvisvar sinnum á starfsárinu og telur fráfarandi stjórn full ástæða til að virkja fulltrúaráðið enn betur í umræðu um framtíðarsýn og mikilvægar ákvarðanir.

#### Lífið í Árholti

Vel hefur gengið að leigja út vinnupláss og plássin í húsinu hafa meira og minna verið fullnýtt á þessu starfsári. Þegar þetta er ritað er eitt pláss laust. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á skipulaginu í húsinu í vetur, en stóra herbergið vestast í húsinu var gert að fundarherbergi og tvö ný pláss voru búin til í miðrými hússins. Í dag eru 14 útleigupláss. Fimmtánda plássið er vinnuaðstaða verkefnastjóra.

Í gegnum árin hafa verið haldnir súpufundir um það bil mánaðarlega, þar sem fulltrúar hafa skipst á að bjóða í súpu í hádeginu. Hafa það verið góðir fundir, þar sem tækifæri hefur gefist til að ræða það sem efst er á baugi í starfinu hverju sinni, hugmyndir að verkefnum og annað sem hópurnir hefur viljað ræða. Vel hefur verið mætt á þessa fundi, en nokkrir slíkir hafa verið haldnir á starfsárinu. Tekið var upp á þeirri nýbreytni að senda út „súpufundsmola“ eftir fundina – eða nokkurskonar yfirlit yfir það sem rætt var fyrir þá sem voru fjarverandi.

Vilji hefur staðið til þess að endurvekja vikulega kaffitíma í húsinu, eða svokallað föstudagskaffi. Það hefur ekki gengið sem skyldi en verður vonandi bót á.

Tveir tiltektardagar hafa verið haldnir á starfstíma þessarar stjórnar, sá fyrri í september og seinni í apríl. Það var full þörf á og hefur ásýnd hússins tekið miklum breytingum á þessum tíma. Nú prýða fleiri myndir veggina, auglýsingar um fyrirlestrarraðir og viðburði hafa verið innrammaðar, húsgögn færð til og svo framvegis. Allt til að gera húsið okkar vistlegra og meira einkennandi fyrir það starf sem hér er unnið.

Gluggatjöldum, sem voru fyrir suðurgluggum hússins, var skipt út fyrir myrkvatjöld síðastliðið vor og keyptar voru víftur til að bæta loftið í miðrýminu. Fasteignir Akureyrar létu bera á útidyrhurðina síðastliðið haust en frekari framkvæmdir eru fyrirhugaðar af hálfu bæjarins í sumar.

## Helstu verkefni starfsársins

Ný stjórn ákvað fljótlega að gera umbætur á heimasíðu AkureyrarAkademíunnar og tók Elías Ingi Björgvinsson það verkefni að sér. Samningi AkAk við Stefnu var sagt upp í lok árs 2015, eftir að Elías hafði sett upp nýja heimasíðu í Weebly kerfinu og stofnað ný tölvupóstföng fyrir stjórn.

Fyrirlestraröðin var á sínum stað og sá Margrét Guðmundsdóttir um undirbúning og skipulag hennar. Haldnir voru fjórir fimmtudagsfyrirlestrar í Deiglunni; einn fyrir áramót og þrír eftir áramót.

- 22. október 2015: Anna Lára Steindal heimspekingur. “Með lífið, sjálf lífið að veði. Móttaka flóttamanna á Íslandi”
- 21. janúar 2016: Arndís Bergsdóttir safnafræðingur. Sérðu þig kona? (Ó)sýnileiki kvenna á sýningum íslenskra menningarminjasafna.
- 18. febrúar 2016: Njörður Sigurjónsson, dósent við Háskólann á Bifröst. Hljóðlátir valdaleikir og skapandi þögn.
- 17. mars 2016: Laufey Haraldsdóttir, lektor Háskólanum á Hólum. Að setja sálina í pottana: ferðaþjónusta, staður, matur og margbreytileiki.

Fimmtudagsfyrirlestrar þessa starfsárs voru því miður ekki vel sóttir. Hafa þeir verið haldnir í Deiglunni, þar sem aðgengi er ekki sem best. Verkefnastjóri AkAk leitar nú að heppilegri valkostum fyrir fyrirlestra næsta vetrar.

Fimmtudaginn 26. nóvember 2015 var málþing í Deiglunni á vegum AkAk, Akureyrarstofu og Minjasafnsins á Akureyri. Jakob Þór Kristjánsson stjórn málafræðingur, Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur og Sigurgeir Guðjónsson sagnfræðingur fluttu erindi í tilefni af 100 ára kosningaafmæli kvenna. Málþingið hlaut styrk frá Akureyrarstofu. Var það vel sótt.

Bókakynning var haldin í samvinnu við Amtsbókasafnið þann 17. desember 2015. Tveir höfundar kynntu ný/nýlega útgefin verk – þær dr. Sigrún Stefánsdóttir og Hildur Hauksdóttir. Bókakynningin var vel sótt og samvinnan við Amtsbókasafnið ánægjuleg.

Í janúar var auglýst eftir verkefnastjóra í 50% starf. Alls bárust 12 umsóknir um starfið. Kristín Heba Gísladóttir, BA í sálfræði og MA í auðlindafræði var ráðin verkefnastýra AkAk. Hóf hún störf í lok febrúar. Anna Kolbrún Árnadóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir tóku að sér að hafa umsjón með ráðningarferlinu.

AkureyrarAkademían og Háskólinn á Akureyri, í samstarfi við utanríkisráðuneytið, héldu samráðsráðstefnu þann 19. mars. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Enginn er eyland: Ísland og alþjóðasamfélagið“. Alls voru níu málstofur á ráðstefnunni, þar sem á dagskránni voru 36 erindi. Ráðstefnan var vel sótt af fræðafólki, embættisfólki, þingmönnum og öðru áhugafólki um viðfangsefnið. Að undirbúningi fyrir hönd AkAk unnu Jakob Þór Kristjánsson, Skafti Ingimarsson og Guðmundur Árnason. Verkefnastjóri, Kristín Heba, kom einnig að undirbúningnum á lokaspretti hans. Á sjálfan ráðstefnudaginn tóku nokkrir fulltrúar AkureyrarAkademíunnar virkan þátt í umsjóninni og færum við sjálfbodaliðum bestu þakkir fyrir.

Þann 12. maí var haldið upp á 10 ára afmæli AkureyrarAkademíunnar. Boðið var til veislu í húsi stofnunarinnar að Árholti. Fyrrum félögum og húsfólki var boðið til veislunnar, auk bæjarfulltrúa og þingmanna kjördæmisins. Viðburðurinn var jafnframt auglýstur í Dagskránni. Húsið var skreytt og boðið var upp á tónlistaratriði. Ungt tónlistarfólk úr bænum, Tumi Pálmason og Freyja Steindórsdóttir, fluttu fimm lög. Margrét Guðmundsdóttir hélt erindi þar sem hún rifjaði upp eftirminnilega þætti frá fyrstu starfsárum AkAk. Fulltrúaráð AkureyrarAkademíunnar útnefndi Margréti sem heiðursfélaga AkureyrarAkademíunnar og færði henni innrammað skjal og rós. Boðið var upp á kaffi og tertur, en félagar í Kvenfélaginu Baldursbrá á Akureyri tóku að sér baksturinn. Á viðburðinn mættu um 30 manns.

### **Fjármál**

Fjárhagur AkAk hefur vænkast frá því sem áður hefur verið, enda var það markmiðið með því að breyta félaginu í sjálfseignarstofnun með samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Áætlað framlag til AkAk skv. fjárlagafrumvarpi voru mikil vonbrigði (2,2 millj. kr) en eftir samstillta og góða varnarbaráttu stjórnar og annarra fulltrúa, fékk AkureyrarAkademían 7,2 milljónir á fjárlögum fyrir árið 2016. Sú hækkun framlags til AkAk gerði okkur kleift að ráða verkefnastjóra í 50% starf. Nokkrir fulltrúar hafa sinnt áðurnefndum verkefnum fyrir hönd AkAk skv. Verktakasamningum og færum við þeim allra bestu þakkir fyrir. Formaður stjórnar fékk greiddar 50.000 kr. á mánuði fyrir störf sín, fram að ráðningu verkefnastjóra.

### **Það sem framundan er**

Lögð verður áhersla á að fjölga fulltrúum AkureyrarAkademíunnar og styrkja samskipti og starfsemi AkAk í samfélaginu hér á Akureyri. Verið er að kanna mögulegt samstarf AkAk við aðrar stofnanir á svæðinu. Samningur AkureyrarAkademíunnar við HA rennur brátt út og vinna þarf að endurnýjun hans auk húsaleigusamnings við Akureyrarbæ.

Formaður telur mikilvægt að vinna betur að framtíðarsýn og móta sérstöðu stofnunarinnar. Æskilegt væri að sú vinna færi fram fljótlega.

### **Að lokum**

Ráðning öflugs verkefnastjóra til AkureyrarAkademíunnar er mikið framfaraskref að mati stjórnar og gerir AkAk kleift að sinna fjölbreyttum verkefnum á markvissari hátt og að vinna að framtíðarsýn stofnunarinnar. Það er lykilatriði að mati stjórnar að fjárframlag næsta árs geri okkur kleift að endurnýja samning við verkefnastjóra og nýta þann meðbyr sem stofnunin hefur fundið fyrir síðastliðna mánuði.

F.h. stjórnar,  
Valgerður S. Bjarnadóttir, formaður.